

Reykjaneshæ, 24.06.20

*Sent formönnum bæjarráða Reykjaneshæjar, Gríndavíkurbæjar, Suðurneshæjar og Voga.*

**Efni: Urðunar/landmótunarstaður fyrir múrbrot og postulín á Suðurneshjum.**

Á árinu 2019 var rúmum 600 tonnum af múrbroti, gleri og postulíni ekið frá Kólku til Sorpu í Álfshesi til urðunar. Mikill meirihluti þessa efnis er algjörlega skaðlaus umhverfinu og telst óvirkur úrgangur samkvæmt skilgreiningu Umhverfisstofnunar. Þetta efni er upplagt í landfyllingar eða landmótun og í raun grátlegt að ekki skuli vera hægt að finna því hlutverk hér á svæðinu. Flutningur efnisins í Álfshesi er dýr og þar þarf að greiða urðunargjöld.

Það er því mikið kappsmál stjórnenda í Kólku að finna þessu efni farveg hér á Suðurneshjum og losna við óhagræði og kostnað sem hlýst af núverandi verklagi. Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurneshja er ekkert sveitarfélaganna sem eiga Kólku með urðunarstað fyrir svona efni á sínu aðalskipulagi og því ekki hægt að sækja um leyfi fyrir förgun þess hér á svæðinu. Hér er á ferðinni gott tækifæri til úrbóta. Flutningskostnaður á þessu efni myndi lækka verulega og urðunargjöld myndu haldast innan Suðurneshja.

Fyrir hönd Kólku sorpeyðingar sf. vill undirritaður fara þess á leit við forráðamenn sveitarfélaganna á Suðurneshjum að skoðað verði sem allra fyrst hvort gera megi bragarbót á þessu. Ef eitt eða fleiri þeirra sveitarfélaga sem eiga Kólku myndu vilja nýta sér það tækifæri að fá þetta efni til landmótunar myndi Kalka gjarnan vilja koma að því verkefni. Auk þeirra efnisflokka sem áður eru nefndir væri einnig afar spennandi að kanna grundvöll þess að urða botnösku hér á Suðurneshjum en henni er keyrt í Álfshesi í dag.

Undirritaður veitir fúslega frekari upplýsingar sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,

Steinþór Þórðarson



Framkvæmdastjóri